

Móttekið	Málsnúmer	Skýrslan er að jafnaði fyrir síðasta almanaksár	Skýrsla fyrir tímabilið					
			til			d m ár		
			d	m	ár	d	m	ár

Nafn ólögráða / skjólstæðings	Kennitala	Lögheimili	Póstnúmer

Merkið í þann reit sem við á	Skýrslan er vegna fjárhalds:	<input type="checkbox"/> fyrir barn	<input type="checkbox"/> fyrir einstakling sviptan fjárræði	<input type="checkbox"/> fyrir skjólstæðing ráðsmanns
------------------------------	------------------------------	-------------------------------------	---	---

Nafn lögráðamanns/manna/ráðsmanns	Kennitala	Lögheimili	Póstnr	Sími og netfang

Yfirlit eigna við upphaf og lok tímabils	Ef um er að ræða rekstur, t.d. útleigu fasteignar, skal fylgja rekstrarreikningur*
--	--

1	Fasteignir skv. fasteignamati	Fastanúmer	Mat við upphaf tímabils	Mat við lok tímabils	Hagnaður/tap af rekstri sbr.fylgiskjal*

	Samtals	1.1	1.2	1.3	

2	Verðbréfasjóðir nafn sjóðs	Staða við upphaf tímabils	Staða við lok tímabils	Vextir og verðbætur	Fjármagnsgjöld
	Samtals	2.1	2.2	2.3	2.4

3	Innlánsreikningar stofnun - hb - reikningsnúmer	Staða við upphaf tímabils	Staða við lok tímabils	Vextir og verðbætur	Fjármagnsgjöld

	Samtals	3.1	3.2	3.3	3.4

4	Hlutabréf nafn félags	Við upphaf tímabils		Við lok tímabils		Arður	Fjármagnsgjöld
		Nafnverð	Markaðsverð	Nafnverð	Markaðsverð		
	Samtals	4.1		4.2			

5	Aðrar eignir	Upphaf tímabils	Lok tímabils	Arður	Fjarmagnsgjöld
	Samtals	5.1	5.2	5.3	5.4

EIGNIR SAMTALS	Upphaf tímabils Samtala reita 1.1, 2.1, 3.1, 4.1 og 5.1.	Lok tímabils Samtala reita 1.2, 2.2, 3.2, 4.2 og 5.2

Skuldir	Upphafleg fjárhæð	Lánstími í árum	Greitt á tímabilinu	Eftirstöðvar við lok tímabils
Samtals				

Yfirlit um helstu ráðstafanir og eignabreytingar á tímabilinu. Ef upplýsingarnar rúmast ekki á eyðublaðinu, skal sérstök greinargerð fylgja með. Ef eignir hafa minnkað eða aukist umtalsvert milli ára skulu ástæður þess koma fram.

Ráðstöfun	Upphæð	Skýring

Athugasemdir

Yfirlit vegna bankareikninga og verðbréfa, skal fylgja, ef um slíkt er að ræða. Síðasta skattframtal skal fylgja ef um er að ræða einstakling sviptan fjárræði eða barn sem er sérskattlagt. Önnur fylgiskjöl eftir því sem við á.	Fylgiskjöl með skýrslunni
	<input type="checkbox"/> Skattframtal <input type="checkbox"/> Yfirlit bankareiknings / reikninga <input type="checkbox"/> Yfirlit vegna verðbréfaeignar <input type="checkbox"/> Greinargerð um ráðstafanir / eignabreytingar <input type="checkbox"/> Annað, hvað _____

Hér með staðfestist að viðlögðum drengskap að skýrsla þessi er gerð af bestu vitund og gefur réttar upplýsingar um fjárhagsstöðu skjólstæðings míns og þær ráðstafanir sem ég hef gert fyrir hans hönd á tímabilinu.	Staður	Dagsetning	Undirskrift / undirskriftir

Til athugunar fyrir lögáðamenn þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir:

Lögáðamanni þess, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, ber skylda til að gefa yfirlögáðanda skýrslu, fyrir 1. mars ár hvert, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins ófjárráða ef verðmæti eigna hans er 500.000 kr. eða þar yfir skv. 1. mgr. 63. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.
Lögáðamanni ber að gera ítarlega skýrslu og láta nauðsynleg gögn fylgja með, s.s. staðfest ljósrit af skattframtali ungmennis, ef því er að skipta, svo og bankayfirlit.
Ef þeim sem ófjárráða er fyrir æsku sakir hefur verið skipaður fjárhaldsmaður fer um skýrslugjöf skv. 3. mgr. 63. gr. (sjá eftirfarandi úrdrátt).

Til athugunar fyrir skipaða lögráðamenn.

Lögáðamaður fjárræðissvipts manns skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögáðanda skýrslu um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins fjárræðissvipta skv. 3. mgr. 63. gr. lögræðis laga nr. 71/1997.
Lögáðamanni ber að gera ítarlega skýrslu og láta nauðsynleg gögn fylgja með, s.s. staðfest ljósrit af skattframtali og bankayfirlit.
Skipuðum lögráðamanni er bent á að kynna sér rækilega lögræðis lög nr. 71/1997 og þá sérstaklega V. og VI. kafla laganna sem fjalla um lögráðamenn og meðferð á fjármunum ófjárráða manna.
Þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögáðanda skýrslu um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns skv. 7. mgr. 63. gr og nær hún frá því tímabili er hin árlega skýrsla endar og til lausnardags.

Úrdráttur úr lögræðis lögum

60. gr.

Starfsskyldur lögráðamanns

- Lögáðamaður skal hafa samráð við hinn ólögáða um framkvæmd starfa síns, eftir því sem við verður komið, nema um minni háttar ákvarðanir sé að ræða.
- Lögáðamaður skal haga störfum sínum í þágu hins ólögáða eins og best hentar hag hans hverju sinni.
- Lögáðamanni er skylt að fara að fyrimælum yfirlögáðanda og dómsmálaráðuneytis.
- Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur lögráðamanna og eftirlit yfirlögáðanda með þeim.

61. gr.

Skaðabótaskylda lögráðamanns

Lögáðamaður skal bæta ólögáða manni tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

Úr 63. gr.

Skýrslugjöf lögráðamanns

- Lögáðamaður manns, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögáðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald hins ófjárráða ef verðmæti eigna hans er 500.000 kr. eða þar yfir. Ef þeim sem ófjárráða er fyrir æsku sakir hefur verið skipaður fjárhaldsmaður fer þó um skýrslugjöf skv. 3. mgr.
- Lögáðamaður fjárræðissvipts manns skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögáðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins fjárræðissvipta.
- Lögáðamaður skal gera yfirlögáðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum varðandi fjárhaldið hvenær sem hann krefst þess.
- Þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögáðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

Úr 67. gr.

Varðveisla og ávöxtun eigna ófjárráða manns

- Eignir ófjárráða manns skulu varðveittar tryggilega og þær ávaxtaðar eins og best er á hverjum tíma.
- Eignir ófjárráða manns, sem eru að verðmæti yfir 500.000 kr., skulu varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns við yfirlögáðanda.
- Lögáðamaður skal ávallt halda peningum og viðskiptabréfum ófjárráða manns aðgreindum frá eigin fjármunum.
- Yfirlögáðandi getur, ef hann telur ástæðu til, tekið í sínar vörslur fjármuni í eigu hins ófjárráða. Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé hins ófjárráða sem yfirlögáðandi hefur tekið í sínar vörslur.
- Samþykki yfirlögáðanda þarf til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. [...]

68. gr.

Tekjur og arður af eignum o.fl.

- Lögáðamaður skal sjá til þess að tekjur og arður af eignum ófjárráða manns nýtist í þágu hins ófjárráða.
- Lögáðamaður getur, ef hann telur ástæðu til og slíka ráðstöfun í samræmi við hagsmuni hins ófjárráða, afhent honum hæfilegt fé til eigin nota af tekjum hans eða arði. Lögráðamaður getur á sama hátt með leyfi yfirlögáðanda, sbr. 5. mgr. 67. gr., afhent hinum ófjárráða fjármuni af höfuðstól hans til eigin nota ef tekjur hans hrökkva ekki til.

Úr 69. gr.

Kaup og sala á eignum o.fl.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis, svo og atvinnufyrirtækis hans. Sama gildir ef ófjárráða manni eru afhentar slíkar eignir án þess að endurgjald komi fyrir. Eignir samkvæmt þessari málsgrein skulu eigi látnar af hendi, nema hinum ófjárráða sé auðsjáanlega hagur að því.
2. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að leigusamningur um fasteign ófjárráða manns sé gildur ef leigusamningur er til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.
3. Samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til allra ráðstafana varðandi fjárhald ófjárráða manns sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, miðað við efni hins ófjárráða, svo sem kaup eða sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns.

Úr 70. gr.

Veðsetningar og önnur eignarhöft

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign, loftfar, skráningarskyllt skip, skráningarskyllt ökutæki eða atvinnufyrirtæki í eigu ófjárráða manns. Sama gildir um lagningu veðbanda eða annarra eignarhafta á viðskiptabréf og bankainnstæður og lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að ræða. Samþykki yfirlögráðanda skal því aðeins veitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.
2. Yfirlögráðandi er einungis heimilt að veita samþykki til ráðstafana skv. 1. mgr. til tryggingar skuldum hins ófjárráða. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi þó samþykkt veðsetningu til tryggingar skuldum lögráðamanns.

71. gr.

Ábyrgð fyrir þriðja mann

1. Óheimilt er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.
2. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

72. gr.

Lán fjármuna

1. Óheimilt er að lána fé ófjárráða manna nema með samþykki yfirlögráðanda. Lán skal aðeins veita gegn tryggu veði í fasteign. Lánsfjárhæðin má ekki fara fram úr $\frac{2}{3}$ hlutum af fasteignamati eignarinnar. Yfirlögráðandi veitir því aðeins samþykki sitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.
2. Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana og má þá krefjast nauðungarsölu veðsins án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.
3. Ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir eiga ákvæði þessarar greinar aðeins við þær eignir.

73. gr.

Tilkynningarskylda til yfirlögráðanda

1. Skyllt er öllum þeim sem inna af hendi fjárgreiðslu til lögráðamanns ófjárráða manns, sem er eign hins ófjárráða, að tilkynna yfirlögráðanda ef greiðslan er að fjárhæð 500.000 kr. eða þar yfir.
2. Tilkynningu skv. 1. mgr. skal beina til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn ófjárráða maður á lögheimili í.